

Ed.

191. Frumvarp til laga

[135. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Jón Arnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, fyrsta hluta Tækniskóla Íslands, íslenska stýrimannaskóla, Vélaskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins, þannig: Einn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, einn samkvæmt tilnefningu íslenzkra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem fjölmennastir eru og eigi eru stúdentar, en hinn vera formaður stjórnarinnar.

Þá tilnefnir ráðherra fulltrúa fyrir þá hópa námsmanna, sem ekki eiga sérstakan fulltrúa í stjórninni, og skal kveðja þá til funda og starfa með stjórninni, þegar fjallað er sérstaklega um málefni þessara hópa. Njóta þeir þá sömu réttinda og stjórnarmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna, að nemendur í íslenzkum stýrimannaskólum og Vélaskóla Íslands verði meðal þeirra, sem láns og styrks geta notið úr lánasjóðnum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu þýðingarmikil störf íslenzkra sjómanna eru fyrir lífsafkomu íslenzku þjóðarinnar. Það er því augljóst mál, að miklu skiptir, að þeir, sem menntunar leita í menntastofnunum þjóðarinnar á sviði skipstjórnar og vélfræði, eigi þess kost að njóta lánsaðstoðar til náms, a. m. k. til jafns við það, sem aðrar starfsgreinar eiga við að búa.

Nauðsyn þess að opna sjómannastéttinni aðild að lánasjóði námsmanna ætti vart að valda ágreiningi. Því miður er það svo, að oftast vantar meira eða minna af lærðum skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum og þá sérstaklega á fiskiskipafлотann. Útvegsmenn verða því í mörgum tilfellum að sækja um undanþágur til stjórnvalda, að þeir megi lögskrá réttindalauslausa menn á skip sín. — Þá er þess að geta, að þeir, sem gera sjómennsku að lífsstarfi, verða, áður en þeir fá inngöngu í sjómannaskóla, að hafa lokið eins konar reynslutíma á sjónum og vera lögskráðir á skip um a. m. k. tveggja ára skeið. Þegar þessu tímabili lýkur, er því oft um það að ræða, að sjómannsefnið hefur stofnað heimili, og þegar svo er ástatt, getur það í sumum tilfellum ráðið úrslitum um það, hvort viðkomandi sér sér fært að hefja námið, að hann eigi þess kost að fá hagstæð lán, meðan á námstímanum stendur.

Sú breyting, sem hér er lagt til að verði á 3. gr. laganna, er í beinu sambandi við breytt starfssvið lánasjóðsins samkvæmt 1. gr.